

Héraðsdómur Reykjavíkur

Dómur 16. apríl 2024

Mál nr. S-3806/2023:

Héraðssaksóknari

(*Þorbjörg Sveinsdóttir aðstoðarsaksóknari*)

gegn

Teiti Guðbjörnssyni og

(*Guðmundur St. Ragnarsson lögmaður*)

Erlu Rós Tómasdóttur

(*Arnar Kormákur Friðriksson lögmaður*)

Dómur

Mál þetta, sem dómtekið var 19. mars sl., er höfðað með ákæru, útgefni af héraðssaksóknara 15. júní 2023, á hendur „Teiti Guðbjörnssyni, kennitala [...], [...], Reykjavík og Erlu Rós Tómasdóttur, kennitala [...], [...], Reykjavík, fyrir fíkniefnalagabrot framin á árinu 2022:

- Gegn ákærðu báðum fyrir stórfellt fíkniefnalagabrot, með því að hafa flutt til landsins allt að 776 stk. af MDMA töflum ætluðum til söludreifingar hér á landi. Ákærði Teitur skipulagði og fjármagnaði innflutninginn en hann keypti fíkniefnin, sem ákærði Teitur taldi vera 500 stykki af LSD, af óþekktum aðila í gegnum appið WhatsApp og greiddi fyrir þau með Bitcoin að andvirði um 150.000 kr. Voru fíkniefnin send með póstsendingu frá Hollandi til Íslands en ákærða Erla Rós var skráður viðtakandi póstsendingarinnar. Fíkniefnin fundust 20. apríl við eftirlit tollvarða í póstmstöð Íslandspósts við [...] í Reykjavík og lagði lögreglan hald á fíkniefnin þann sama dag og rannsakaði þau en kom þeim síðan fyrir á pósthúsinu við [...] í Reykjavík til afhendingar. Ákærða Erla Rós fékk tilkynningu um afhendingu pakkans 22. apríl og ákærðu óku saman í bifreið að pósthúsinu þann sama dag þar sem ákærða Erla Rós sótti pakkann og fór með hann í

bifreiðina þar sem hún afhenti ákærða Teiti hann og voru ákærðu í kjölfarið handtekin.

Telst þetta varða við 173. gr. a almennra hegningarlaga nr. 19/1940.

2. Gegn ákærða Teiti fyrir fíkniefnalagabrot, með því að hafa 22. apríl haft í vörslum sínum í sölu- og dreifingarskygni 53 stykki af ávana- og fíknilyfinu Rivotril, en lögregla fann fíkniefnin við húsleit á heimili ákærða að [...], Reykjavík.

Telst þetta varða við 2. gr., sbr. 5. og 6. gr. laga nr. 65/1974 um ávana- og fíkniefni, með áorðnum breytingum og við 2. gr., sbr. 1. mgr. 14. gr. reglugerðar nr. 233/2001 um ávana- og fíkniefni og önnur eftirlitsskyld efni, sbr. reglugerð nr. 808/2018.

Þess er krafist að ákærðu verði dæmd til refsingar og greiðslu alls sakarkostnaðar. Þá er krafist upptöku á framangreindum fíkniefnum, samtals 776 stk. af MDMA töflum og 53 stykki af ávana- og fíknilyfinu Rivotril, samkvæmt heimild í 6. mgr. 5. gr. laga nr. 65/1974, sbr. 2. mgr. 14. gr. reglugerðar nr. 233/2001 með áorðnum breytingum.“

I

1. Ákærði Teitur krefst þess að hann verði dæmdur til vægustu refsingar er lög leyfa og að dæmd refsing verði a.m.k. skilorðsbundin að hluta og að gæsluvarðhald sem hann sætti komi til frádráttar. Ákærði samþykkir upptökukröfur. Þá krefst verjandi ákærða hæfilegra málsvarnarlauna að mati dómsins sem greiðist úr ríkissjóði.
2. Ákærða Erla krefst þess að hún verði sýknuð af öllum kröfum ákæruvaldsins, til vara að henni verði ekki gerð refsing en til þrautavara að henni verði dæmd vægasta refsing er lög leyfa og að gæsluvarðhald sem hún sætti komi til frádráttar. Ákærða gerir ekki athugasemd við upptökukröfur. Þá krefst verjandi ákærðu hæfilegra málsvarnarlauna að mati dómsins sem greiðist úr ríkissjóði.
3. Málið var þingfest 6. september 2023. Ákærði Teitur sótti ekki þing en skipaður verjandi hans upplýsti að ákærði væri á sjó og væntanlegur í land 24. september 2023. Kom fram hjá honum að ákærði myndi neita sök. Ákærða Erla sótti þing og neitaði sök. Var málinu frestað til aðalmeðferðar 29. nóvember 2023.
4. Fyrirhugaðri aðalmeðferð málsins 29. nóvember 2023 var frestað utan réttar, að beiðni verjanda ákærða Teits, til 13. desember 2023. Þá var fyrirhugaðri aðalmeðferð þann dag

einnig frestað utan réttar, vegna veikinda ákærðu Erlu, til 14. mars 2024. Hófst þá aðalmeðferð málsins þrátt fyrir að ákærða Erla mætti ekki í þinghaldið en ítrekaðar tilraunir verjanda til að ná sambandi við hana skiluðu ekki árangri. Eftir að skýrsla hafði verið tekin af ákærða Teiti og vitnum var aðalmeðferðinni frestað til 19. mars 2024. Þann dag var aðalmeðferð málsins framhaldið, skýrsla tekin af ákærðu og málið dómtekið að loknum málflutningi.

5. Við upphaf aðalmeðferðar var bókað eftir sækjanda að af hálfu ákæruvaldsins yrði við það miðað að ákærðu hafi bæði gerst sek um tilraun til stórfellds fíkniefnalagabrots í 1. ákærulið. Var málið sótt og varið með hliðsjón af því.
6. Eftir framkomna bókun ákæruvaldsins játaði ákærði Teitur þá háttsemi sem í ákæru greinir utan þess að hann kvaðst ekki hafa ætlað að flytja inn það efni og magn sem kom til landsins og tilgreint er í ákæru.

II

Málsatvik

7. Við eftirlit tollgæslu á erlendum tollpósti 20. apríl 2022 var sending með viðtökunúmerinu [...] tekin til frekari skoðunar. Þegar sendingin var opnuð komu í ljós þrjú hvít umslög og voru í einu umslaginu 700 stykki af bleikum töflum, meint fíkniefni. Var talið að um E-töflur væri að ræða og voru þær haldlagðar og málið sent lögreglu til frekari rannsóknar.
8. Samkvæmt frumskýrslu lögreglu hafði tollgæslan samband 20. apríl 2022 vegna pakka sem hún taldi innihalda MDMA-töflur. Var ákærða Erla skráður móttakandi pakkans og sendandi A, [...], [...], [...], Hollandi. Lögregla sótti pakkann til tollgæslu og komu starfsmenn tæknideildar gerviefnum fyrir í pakkanum sem síðan var komið aftur á pósthús til afhendingar þann 22. apríl 2022. Var skráðum móttakanda send tilkynning um að pakkinn væri tilbúinn til afhendingar á pósthúsinu við [...]. Klukkan rúmlega 12:00 þann 22. apríl sótti ákærða Erla pakkann. Fylgdist lögregla með þegar hún lagði bifreið sinni fyrir utan pósthúsið á meðan hún fór inn og mátti sjá að karlmaður, sem reyndist vera ákærði Teitur, sat í framsæti farþegamegin og beið á meðan. Ákærða Erla kom hlaupandi út með pakkann og afhenti ákærða Teiti hann strax og setti hann pakkann í aftursætið. Ákærða Erla gerði sig líklega til að aka í burtu en lögreglan stöðvaði för þeirra og tilkynnti henni og ákærða Teiti að þau væru handtekin grunuð um innflutning á fíkniefnum.

9. Í kjölfarið var, að fengnum úrskurði dómara, framkvæmd leit á heimili ákærðu að [...]. Fundust þar m.a. sterar, lyf, íblöndunarefni, grammavog, *ziplock*-pokar og tveir farsímar. Kvaðst ákærði eiga allt framangreint og nota annan farsímamann við sölu fíkniefna.
10. Við rannsókn málsins voru farsímar ákærðu rannsakaðir. Komu þar fram upplýsingar um að fylgst hefði verið með sendingunni í þeim báðum. Þá voru í síma ákærða Teits samskipti hans við [...] og kemur þar fram að ákærði keypti 500 skammta af LSD af honum og greiddi fyrir með Bitcoin sem samsvarar 1000 evrum þrátt fyrir að uppsett verð væri 800 evrur. Einnig má þar sjá að ákærði gaf upp nafn ákærðu Erlu sem móttakanda sendingarinnar og gögn sem benda til þess að hann hafi stundað sölu fíkniefna.
11. Í fyrirbyggjandi efnaskýrslu tæknideildar lögreglu vegna skoðunar á hinu haldlagða efni kemur fram að um var að ræða 776 stykki af MDMA, samtals 420 g að þyngd.
12. Samkvæmt matsgerð Rannsóknastofu Háskóla Íslands í lyfja- og eiturefnafræði, dags. 10. maí 2022, sendi tæknideildin fimm af töflunum þangað til frekari rannsóknar. Þar segir eftirfarandi:

Töflurnar voru í fromi Salvador Dali grímu en á hinni hliðinni var deiliskora ásamt áletruninni "LA CASA DE PEPEL". Meðalþyngi þeirra var 0,607 g og mesta þvermál þeirra var um 15,1 mm. Með gasgreiningu á súlu, massagreiningu, vökvagreiningu á súlu og efnaprófum fannst að töflurnar innihéldu MDMA. Efnaprófin bentu til þess að MDMA væri að mestu í formi MDMA-klóríðs. Í töflunum voru 155 mg af MDMA (samsvarar 184 mg af MDMA-klóríði).
13. Fyrir liggur vottorð B sálfræðings, dags. 23. nóvember 2023, vegna ákærðu Erlu. Kemur þar fram að ákærða Erla hefði leitað til hennar vegna vanlíðanar í tengslum við handtöku og gæsluvarðhald sem hún sat í og meðvirkni með ákærða Teiti og hegðun hans gagnvart henni.
14. Hvað varðar málsatvik samkvæmt 2. ákærulið er vísað til ákæru.

III

Framburður ákærðu og vitna fyrir dómi

15. Verður nú gerð grein fyrir framburði ákærðu og vitna fyrir dómi að því marki sem nauðsynlegt er til úrlausnar málsins.
16. *Ákærði Teitur* sagði að verknaðarlýsing 1. ákæruliðar væri rétt og viðurkenndi hann að hafa ætlað að flytja inn 500 stykki af LSD en ekki MDMA eins og þar greinir. Hvað varðar 2. ákærulið játaði hann sök. Ákærði sagði að á þessum tíma hefði hann verið í

mikilli neyslu og þá notað mikið af Rivotril og bensólyfjum. Í dag væri hann edrú. Hann hefði haldið vinnu sinni eftir þetta, en hann starfi á frystitogara. Þá sæki hann [...]fundi, sé með góðan [...] og reyni að aðstoða aðra.

17. Ákærði kvaðst ekki muna hvort hann hefði flett upp stöðu sendingarinnar í síma með-ákærðu áður en hún kom. Kvaðst hann hafa þvingað meðákærðu til að taka þátt í þessu. Hefði samband þeirra verið óheilbriggt á báða bóga en meðákærða hefði einnig verið í neyslu á þessum tíma. Kvaðst hann telja að hann hefði beitt meðákærðu smá þrýstingi til að *setja nafn sitt á pakkann* en væri ekki viss hvort það sama ætti við daginn þegar þau náðu í pakkann. Spurður hvernig þessi þrýstingur hefði verið sagði ákærði að hann hefði ákveðið að sannfæra hana um að þar sem þetta væri LSD myndi þetta bara koma í gegnum póstlúguna og það yrði ekki neitt vesen. Sagði ákærði að hann myndi ekki vel atvik á þessum tíma vegna neyslu. Hefði meðákærða vitað að það væri LSD í pakkanum. Var ákærða kynnt að hann hefði fyrst hjá lögreglu sagt að hún hefði vitað þetta en svo dregið í land og sagt að hann héldi að hún hefði vitað þetta. Kvaðst ákærði hafa talað um það við hana að ef eitthvað kæmi upp á myndi hún alls ekki vita neitt. Hann væri viss um að meðákærða hefði vitað að það væru fíkniefni í pakkanum.
18. Ákærða Erla sagði að eitthvað af því sem kæmi fram í 1. ákærulið væri rétt en hún hefði ekki vitað að það væru fíkniefni í pakkanum. Meðákærði hefði skráð nafn hennar á sendinguna án hennar leyfis. Hann hefði fyrst spurt hana um leyfi en hún sagt nei. Síðan hefði hún fengið tilkynningu í símann og þá hefði hann verið búinn að nota nafnið hennar á sendinguna. Það var fyrst þá sem hún hefði áttað sig á því að hann hefði skráð hana sem móttakanda. Þegar meðákærði hefði beðið hana um að vera skráður móttakandi og hún neitað hefði hann gefið upp þá ástæðu að um stera væri að ræða en hann hefði þá verið að nota stera. Hann hefði ekki gefið henni skýringu á því af hverju hann ætlaði að flytja inn stera en hann hefði verið að selja alls konar fíkniefni á þessum tíma. Hún hefði vitað að meðákærði hefði verið tekinn vegna ætlaðs brots og hafi það verið það eina sem henni hefði dottið í hug; að hann vildi nota nafnið hennar af því að hann væri búinn að gera eitthvað af sér. Hann hefði hins vegar ekki gefið það upp sem ástæðu þess að hann vildi nota nafn hennar. Meðákærði hefði einnig spurt hana hvort hann mætti nota nafn systur hennar á pakkann og hún sagt *ekki sjens*. Kvaðst hún ekki hafa vitað af því þegar meðákærði pantaði þetta.
19. Ákærða kvaðst hafa farið að sækja pakkann og á leiðinni hefði henni liðið óþægilega og hefði hún þá verið viss um að þetta væru ekki sterar. Þrátt fyrir að hana hefði grunað

Þetta hefði hún ákveðið að taka við pakknum þar sem hún hefði ekki haft annað val og þetta var á hennar nafni. Spurð hvort hún hefði upplifað að meðákærði hefði þrýst á hana að sækja pakkann sagði ákærða að hún hefði bara verið neydd, hún varð að sækja þennan pakka. Þetta var búið og gert og var á hennar nafni. Kvaðst hún hafa sagt við meðákærða að hún vildi ekki sækja pakkann og hefði hann alveg vitað að hún vildi ekki sækja hann. Hann hefði sífellt verið að segja við hana að það myndi ekkert gerast fyrir hana og þá hefði hún áttað sig á því að hún væri komin í *svakavesen*. Var ákærðu kynnt að fram hefði komið í framburði meðákærða að hann teldi að hann hefði sagt henni að það væri LSD í pakknum. Sagði ákærða að hann hefði ekki sagt henni annað en að þetta væru sterar en hana hefði grunað að þetta væru fíkniefni.

20. Sagði ákærða að um leið og hún hefði fengið tilkynningu um að pakkinn væri kominn hefði meðákærði viljað fara og sækja hann. Hún hefði orðið að klæða sig í föt og fara út í bifreið. Hún hefði upplifað það svo að hún yrði að sækja pakkann. Hann hefði ekki leyft henni að neita heldur sagt henni að sækja hann. Meðákærði hefði stjórnað henni að því er henni fannst og hefði hún upplifað það svo að hún hefði ekki getað sagt nei.
21. Ákærða sagði að samband hennar og meðákærða hefði verið mjög erfitt. Meðákærði hefði dottið mjög harkalega og í kjölfar þess hefði hann eftir áramótin verið kominn í maníu. Var ákærðu kynnt að í framlögðu vottorði sálfræðings vegna hennar væri haft eftir henni að hún hefði lýst ógnandi hegðun meðákærða gagnvart sér og kvaðst hún kannast við það. Einnig kannaðist hún við að hafa sakað ákærða um þær hótanir og ofbeldi sem rakið er í framlögðu bréfi lögreglustjórans, dags. 7. desember 2023. Spurð hvað hún hefði óttast að myndi gerast ef hún færi ekki með meðákærða að sækja pakkann þegar hann sagði henni að gera það sagði ákærða að hún hefði bara verið mjög hrædd við hann. Þegar hann fór í maníu gerði hún í raun allt sem hann sagði henni að gera. Hún hefði bara hlýtt honum. Ákærða sagði að þau meðákærði hefðu nú slitið sambúð sinni. Hún hefði leitað til sálfræðings og kært meðákærða til lögreglu. Frá því málsatvik gerðust hefði hún verið sár og reið eftir þetta og væri enn.
22. Var ákærðu kynnt að hún hefði lýst því hjá lögreglu að meðákærði hefði staðið yfir henni þegar hún var að borða morgunmat og ætlast til að hún færi að sækja pakkann og staðfesti ákærða það og sagði að hún hefði ekki mátt klára að borða morgunmatinn. Einnig var ákærðu kynnt að fyrir lægju gögn úr síma hennar sem sýndu að ítrekað hefði verið leitað eftir upplýsingum um það hvar sendingin væri stödd á tímabilinu 6.–20. apríl á síðu Póstsins, posturinn.is. Farið hefði verið inn á þá síðu og leitað að sendingunni. Einnig

hefði ítrekað verið *gúgglað* hve lengi pakkar væru á leiðinni frá [...] til Íslands í pósti. Sagði ákærða að meðákærði hefði verið með aðgang að símanum hennar og alltaf getað farið í hann. Hún hefði stundum athugað á síðu Póstsins hvort sendingin væri að koma af því að hann hefði beðið hana um það en hann hefði stundum farið í símann hennar. Kvaðst ákærða einnig hafa sagt hjá lögreglu að hún hefði talið að þetta væru sterar.

23. C, verkefnastjóri hjá Rannsóknastofu Háskóla Íslands í lyfja- og eiturefnafræði, staðfesti matsgerð sína frá 10. maí 2022. Fram kom hjá honum að þau hefðu fengið eitt efnissýni sem innihélt fimm bleikar töflur. Með þeirra hefðbundnu greiningaraðferðum hefði komið í ljós að töflurnar innihéldu MDMA. Í töflunum hefðu að meðaltali verið 155 mg af MDMA. Hefði MDMA-innihaldið verið frekar hátt. Í samantekt frá árunum 2010 til 2022, en á því tímabili hefðu þau fengið 73 svona MDMA-sýni, hefði meðalstyrkur verið 98 mg *per* töflu. Töflurnar hefðu verið frekar stórar og um það bil helmingi þyngri en meðaltöflurnar hjá þeim, hlutfall MDMA verið nokkuð eðlilegt en *mg-talan* há.
24. *Lögreglumaður nr. D* sagði að þeir hefðu fengið tilkynningu um fíkniefni í póstsendingu sem átti að sækja. Hefðu þeir tekið efnið og sett annað í staðinn. Þegar þeir hefðu verið búnir að gera allt klárt hjá sér hefðu þeir sent út tilkynninguna og beðið eftir að pakkinn yrði sóttur. Staðfesti vitnið að ákærðu hefðu bæði komið að sækja pakkann og verið handtekin fyrir utan pósthúsið. Þeir hefðu séð þegar ákærða Erla lét ákærða Teit hafa pakkann og að hann setti pakkann þá í aftursæti bifreiðarinnar. Skráður móttakandi pakkans hefði verið ákærða Erla og hefði hennar heimilisfang verið skráð á sendinguna. Hefði hún verið skráð sem móttakandi vegna samskipta Teits við [...] sem hann hefði verið í samskiptum við á WhatsApp eða Telegram. Sagði vitnið að fyrir lögju samskipti ákærða Teits við þennan seljanda efnisins þar sem hann pantaði LSD og gaf upp nafn og heimilisfang ákærðu Erlu.
25. Þá staðfesti vitnið að hafa rannsakað farsíma ákærða Teits og þar hefðu verið samskipti sem sýndu fram á að hann hefði verið að selja lyf. Kvaðst vitnið hafa ritað skýrslu um þá rannsókn. Þar komi fram að ákærði Teitur hefði verið að selja pappír, en það er LSD. Einnig hefði *internetsaga* hans verið skoðuð og þar hefði komið fram að ákærði Teitur hefði skoðað hversu langan tíma það tæki að fá sendingu frá [...] til Íslands. Staðfesti vitnið að fram hefði komið að ákærði hefði þann 20. apríl skoðað af hverju pakkinn væri lengi á leiðinni. Þá sagði vitnið að þar hefði einnig sést samtal ákærða Teits við [...] sem hann keypti af fíkniefni, LSD, 500 pappi, og greiddi fyrir með Bitcoin. Staðfesti vitnið að þarna komi fram að senda eigi sendinguna á ákærðu Erlu. Þá hefðu fundist gögn til

- staðfestingar á því að ákærði Teitur hefði verið að nota Bitcoin. Hann hefði lagt inn 150.000 krónur þann 3. apríl, keypt eitthvert Bitcoin og tekið út og sent á *adressu* sem hann hefði verið í samskiptum við, [...]. Þá kvaðst vitnið hafa skoðað síma Erlu. Þar sjáist að hún fer ítrekað inn á síðuna posturinn.is til að fylgjast með því hvar sending er staðsett.
26. Loks kvaðst vitnið hafa ritað upplýsingaskýrslu, dags. 12. desember 2023, þar sem fram kom að fíkniefnin hefðu verið fjarlægð úr pakknum og gerviefni sett í staðinn og hefðu ákærðu því móttengið gerviefni.
 27. Vitnið sagði að ákærði Teitur hefði veitt heimild til skoðunar og afritunar á bæði síma og tölvu við rannsókn málsins. Hann hefði einnig bent honum á hvar hægt væri að afla þeirra upplýsinga sem vantaði vegna rannsóknarinnar og veitt heimild til að afla upplýsinga frá fjármálastofnunum. Í fyrstu hefði hann neitað að tjá sig en í annarri skýrslunni hefði hann skýlaust játað sök. Hann hefði verið samvinnuþýður og bent á hvað hann keypti, hann hefði ætlað að kaupa pappír en einhverra hluta vegna hefðu E-pillur verið í sendingunni.
 28. Vitnið sagði að Erla hefði einnig verið mjög samvinnuþýð en hún hefði verið í erfiðri stöðu og hefði það verið hans upplifun að hún hefði ekki viljað segja frá kærasta sínum. Staðfesti vitnið að fram hefði komið í síma hennar að þar hefði ítrekað verið farið inn á posturinn.is. Fram hefði komið í skýrslu ákærðu Erlu að ákærði Teitur hefði haft aðgang að síma hennar. Hefðu þau bæði talað um þrýsting ákærða Teits á ákærðu Erlu í skýrslum sínum en ekki hefði verið talin ástæða til að rannsaka það frekar þar sem þau hefðu bæði nefnt þetta. Sagði vitnið að andlegt ástand ákærðu Erlu hefði verið ömurlegt, hún verið lítil í sér og kveðist ekki hafa getað sagt nei.
 29. *Sérfræðingur tæknideildar nr. E* staðfesti framlagða efnaskýrslu og að um hefði verið að ræða 776 stykki af MDMA. Einnig staðfesti hann að fimm stykki hefðu verið send á rannsóknastofu til greiningar en alltaf væri tekið eitthvert hlutfall af efnunum og það sent í styrkleikamælingu. Þeir hefðu sjálfir greint þetta sem MDMA en lögregla noti forpróf sem greinir helstu hvítu efnin, MDMA, kókaín, amfetamín. Það hefði komið sterk svörun við því, þeir þá klárað vigtnu og talningu og svo sent hluta efnisins í styrkleikamælingu.
 30. *Tollvörður nr. F* staðfesti að hafa ritað skýrslu tollgæslu um upphaf málsins. Staðfesti vitnið þær upplýsingar sem fram koma í skýrslunni og sagði að málið hefði í kjölfarið verið sent lögreglu til frekari rannsókna. Vitnið sagði að það væri alltaf bráðabirgðaniðurstaða hvað varðar talningu í skýrslum frá þeim. Tollverðir noti talningarvigtnu og þetta sé talan sem hún skilaði en síðan kemur nákvæm tala fram við rannsókn lögreglu.

31. *B sálfræðingur* sagði að ákærða Erla hefði leitað til sín og staðfesti vottorð sem hún ritaði vegna hennar. Hefði ákærða Erla greint frá því að hún hefði upplifað vanlíðan í kjölfar handtökunnar og gæsluvarðhaldsins og í tengslum við samband sitt við ákærða Teit. Greindi hún frá meðvirkni gagnvart honum og hans framkomu gagnvart sér. Hún hefði talað um að hann hefði verið í mikilli neyslu og verið að glíma við fíkn og það hefði verið erfitt fyrir samband þeirra. Hún hefði átt erfitt með að fara frá honum en á einhverjum tímavörðum hefði hún viljað fara. Hann hefði oft sýnt henni ógnandi hegðun, verið reiður og orðljótur við hana og stjórnað miklu í sambandinu. Mundi vitnið ekki eftir því að ákærða hefði nefnt að ákærði hefði beitt hana ofbeldi en hún hefði talað um ógnandi hegðun.
32. Vitnið sagði að það væri erfitt að leggja mat á aðstæður í einu viðtali. Ákærða Erla hefði sjálf nefnt að hún væri oft meðvirk með ákærða Teiti og ætti erfitt með að standa uppi á móti honum. Vitnið sagði að það gæti alveg verið að ef einhver upplifir sig í sambandi þar sem viðkomandi er ógnað eða viðkomandi upplifir að einhver hafi meiri stjórn ætti sá aðili kannski erfitt með að setja sig upp á móti því ef hann væri beðinn um að gera eitthvað. Þetta hefði hún hins vegar ekki getað lagt mat á eftir eitt viðtal hvað ákærðu Erlu varðar. Ákærða Erla hefði verið einlæg í viðtalinu, þ.e. vitnið hefði ekki greint það að hún væri að reyna að villa um eða greina ósatt frá. Hún hefði talað um að henni liði illa eftir það sem hafði gengið á. Minntist vitnið þess ekki að ákærða Erla hefði lýst einhverjum þrýstingi af hálfu ákærða Teits í tengslum við það mál sem varð til þess að hún var sett í gæsluvarðhald.
33. Var vitninu kynnt að fram kæmi í vottorðinu að í apríl 2022 hefði ákærði Teitur spurt ákærðu Erlu hvort hann mætti nota nafn hennar á sendingu sem hann væri að panta og hún hefði haldið að hann hefði verið að panta eitthvað fyrir sig og vildi treysta honum. Þegar sendingin hefði komið hefði Teitur beðið hana að fara og sækja sendinguna. Vitnið sagði að þetta væru bara orð Erlu sem hún hefði punktað eftir henni. Vitnið sagði að ekkert hefði komið fram hjá ákærðu Erlu um neyslu hennar.

IV

Niðurstæða

34. Ákærðu er bæði í 1. ákærulið ákærð fyrir stórfellt fíkniefnalagabrot, með því að hafa flutt til landsins allt að 776 stykki af MDMA-töflum ætluðum til söludreifingar hér á landi,

sem ákærði Teitur taldi vera 500 stykki af LSD, eins og nánar er rakið í ákæru. Er í ákæru lýst sérstaklega háttsemi ákærðu hvors um sig og verður hún skilin svo að háttsemi ákærðu Erlu takmarkist við að hafa mótttekið sendinguna. Í ákæru er háttsemi beggja ákærðu talin varða við 173. gr. a í almennum hegningarlögum nr. 19/1940.

35. Við upphaf aðalmeðferðar var því lýst yfir af hálfu ákærvaldsins að það miðaði við að ákærðu hefðu með þeirri háttsemi sem þeim er gefin að sök samkvæmt 1. ákærulið gerst sek um tilraun til stórfellds fíkniefnalagabrots. Var af hálfu ákærvaldsins vísað til þess að komið hefði í ljós að fíkniefnunum hafði verið skipt út fyrir gerviefni áður en ákærðu móttóku sendinguna. Þá var vísað til þess að fyrir lægi að ákærði Teitur hafði ásetning til að flytja inn LSD, líkt og gerð er grein fyrir í ákæru. Þessi breytta afstaða ákærvaldsins sætti ekki athugasemdum af hálfu ákærðu. Að þessu virtu og með vísan til 1. mgr. 180. gr. laga nr. 88/2008 um meðferð sakamála, en málið var sótt og varið með hliðsjón af framangreindu, verður ekki talið að vörn ákærðu hafi verið áfátt vegna þessa.
36. Ákærði Teitur hefur játað þá háttsemi sem greinir í ákæru en ásetningur hans hefði ekki staðið til þess að flytja til landsins 776 stykki af MDMA eins og þar er lýst. Ákærði stóð í þeirri trú að hann hefði flutt til landsins 500 stykki af LSD og sýndi ótvírætt í verki þann ásetning sinn. Huglæg skilyrði verknaðarins eru því fyrir hendi. Þá samrýmist framburður ákærða hvað þetta varðar fyllilega framlögðum gögnum. Eru þannig engin gögn fram komin til stuðnings því að ásetningur ákærða Teits eða ákærðu Erlu hafi staðið til þess að flytja til landsins 776 stykki af MDMA og verður þeim því ekki refsað fyrir þá háttsemi.
37. Ákærða Erla neitar sök. Byggir hún sýknukröfu sína annars vegar á því að ásetningur hennar til brotsins hafi ekki verið sannaður og hins vegar á neyðarréttarsjónarmiðum. Hún hafi verið í ofbeldissambandi, þrýst hafi verið á hana að sækja pakkann og hefði hún óttast hvað myndi gerast ella.
38. Ákærða Erla kvaðst hafa sótt pakkann, eins og greinir í ákæru, en ekki hafa samþykkt að nafn hennar yrði notað sem móttakandi sendingarinnar. Þá hefði hún ekki vitað að pakkinn innihéldi fíkniefni. Hún viðurkenndi að hana hefði grunað að um fíkniefni væri að ræða þegar hún var á leiðinni að sækja pakkann og vísaði til þess að ákærði hefði verið í fíkniefnum og hefði verið að selja efni. Upphaflega þegar ákærði Teitur hefði beðið hana um að fá að nota nafn hennar sem móttakanda sendingarinnar kvaðst hún hafa talið að um stera væri að ræða en það var fyrst fyrir dómi sem hún bar um þetta. Hún kvaðst hafa vitað að ákærði Teitur hefði sett nafn hennar á pakkann eftir að henni barst

tilkynning um pakkann og að hafa í einhver skipti athugað á posturinn.is hvar sendingin væri staðsett, að beiðni ákærða Teits.

39. Ákærða Erla gaf tvisvar skýrslu við rannsókn málsins. Fyrri skýrslan, sem tekin var sama dag og hún var handtekin, liggur fyrir í hljóðupptöku en sú síðari, sem tekin var 26. apríl 2022, liggur fyrir í hljóði og mynd. Í fyrri skýrslunni kom fram hjá ákærðu að hún hefði strax í upphafi, þegar ákærði Teitur bað um að fá að nota nafn hennar, lagt saman tvo og tvo og grunað að þetta væri eitthvað ólöglegt og að um fíkniefni væri að ræða.
40. Ákærði Teitur bar um það fyrir dómi að ákærða Erla hefði allan tímann vitað að um LSD væri að ræða. Hann hefði reynt að sannfæra ákærðu Erlu um að það yrði ekkert vesen þar sem þetta væri LSD og kæmi bara inn um póslúguna. Ákærða Erla bar einnig um að ákærði Teitur hefði reynt að sannfæra hana á þennan hátt, en vegna innflutnings á sterum. Kvaðst ákærði Teitur hafa sagt henni að ef eitthvað gerðist ætti hún að segja að hún vissi ekki um hvaða efni væri að ræða. Kom fram í framburði hans við rannsókn málsins að ákærða Erla hefði aldrei samþykkt að nafn hennar yrði á sendingunni og er það í samræmi við framburð hennar.
41. Bæði ákærðu hafa lýst því að ákærði Teitur hefði beitt ákærðu Erlu þrýstingi vegna þeirra atvika er leiddu til ákærunnar. Ákærði Teitur kvaðst hafa þrýst á hana að fá að nota nafn hennar á sendinguna og reynt að sannfæra hana um að allt yrði í lagi, eins og að framan greinir, en mundi ekki hvort þetta ætti einnig við þegar pakkinn var sóttur. Þá lýsti hann engri háttsemi sem hægt væri að skilgreina sem þvingun í hennar garð. Ákærða Erla lýsti því að ákærði Teitur hefði þrýst á hana að fara strax að sækja pakkann þegar tilkynning barst um að hann væri kominn, að því er virðist með því að reka á eftir henni að fara að sækja hann. Hefði hún gert það af ótta við hann. Ekki kom fram með öðrum eða skýrari hætti en hér greinir hvernig ákærði Teitur þrýsti á hana að sækja pakkann.
42. Ákærðu voru í sambúð þegar atvik gerðust og a.m.k. ákærði Teitur í neyslu fíkniefna. Ákærðu Erlu var fullkunnugt um að ákærði Teitur væri að selja fíkniefni en einnig fannst á heimili þeirra vigt og annar búnaður sem almennt er notaður við slíkt. Sambúð þeirra er nú lokið og kom fram við meðferð málsins að ákærða Erla hefur sakað ákærða Teit um ofbeldi gagnvart sér á sambúðartímanum. Fyrir liggur vottorð og vætti sálfræðings og upplýsingar frá lögreglu þar sem staðhæfingar ákærðu um þetta koma fram. Önnur gögn liggja ekki fyrir sem staðfesta þetta og eru því engar forsendur til að líta til þess við úrlausn málsins. Hins vegar verður að hafa í huga að staða ákærðu Erlu sem sambúðarmaka ákærða Teits en gögn málsins bera með sér að hann hafði allt frumkvæði

að innflutningnum og að hann skráði hana sem móttakanda sendingarinnar án heimildar hennar.

43. Samkvæmt framangreindu mátti ákærðu Erlu vera ljóst að um fíkniefni væri að ræða þegar hún sótti pakkann og metur dómurinn framburð hennar um annað ótrúverðugan. Ákærði Teitur hefur viðurkennt að hafa flutt inn efnið í því skyni að selja það hér á landi og fær það stoð í því magni sem ákærði ætlaði að flytja inn og gögnum sem fundust í farsíma hans. Þá hefur ákærða Erla borið um að hafa vitað að ákærði Teitur stundaði sölu fíkniefna og mátti hún, með hliðsjón af því, vita að efnið var ætlað til sölu. Þá lá fyrir að ákærði Teitur vildi sjálfur ekki vera skráður móttakandi sendingarinnar. Þrátt fyrir a.m.k. grunsemdir lét ákærða Erla til leiðast og sótti pakkann. Með vísan til alls framangreinds, og á grundvelli heildstæðs mats á því sem fram er komið í málinu, er það mat dómsins að ákærða Erla hafi vitað að það væru fíkniefni í pakkanum eða a.m.k. látið sér í léttu rúmi liggja hvort svo væri. Er þannig fullnægt ásetningskröfum 18. gr. laga nr. 19/1940.
44. Ákærða Erla byggir á því að hana beri að sýkna með hliðsjón af neyðarréttarsjónarmiðum. Samkvæmt 13. gr. laga nr. 19/1940 er það verk refsilaust, sem nauðsyn bar til að unnið væri í þeim tilgangi að vernda lögmæta hagsmuni fyrir yfirvofandi hættu, þótt með því séu skertir aðrir hagsmunir sem telja verður að miklum mun minni. Byggir ákærða Erla á því að hún hafi verið undir þrýstingi frá ákærða Teiti þegar hún sótti pakkann og hefði hún óttast hann sækti hún ekki pakkann. Vísaði hún jafnframt til þess að hann hefði beitt hana ofbeldi og hún verið honum háð. Frekari gögn liggja ekki fyrir hvað þetta varðar en þegar hefur verið gerið grein fyrir. Þá hafa, eins og rakið hefur verið, skýringar beggja ákærðu á því hvernig ákærði Teitur hefði beitt ákærðu Erlu þrýstingi verið óljósar. Telst ósannað að ákærða Erla hafi framið brotið vegna nauðsynjar í því skyni að að vernda lögmæta hagsmuni fyrir yfirvofandi hættu, þ.e. líf hennar og heilsu. Verður sýknukröfu ákærðu Erlu á framangreindum grundvelli því hafnað.
45. Með vísan til framangreinds, og að teknu tilliti til þess sem að framan er rakið, telst sannað svo hafið sé yfir skynsamlegan vafa, sbr. 108. og 109. gr. laga nr. 88/2008, að ákærðu hafa gerst sek um þá háttsemi sem greinir í ákæru.
46. Brot ákærðu er í ákæru heimfært undir 173. gr. a almennra hegningarlaga nr. 19/1940. Fyrir liggur að í stað þeirra 500 stykkja af LSD sem óumdeilt er að ákærði Teitur pantaði og ætlaði sér að flytja til landsins komu til 776 töflur af MDMA. Er ósannað að ásetningur ákærðu hafi varðað innflutning og móttöku á því efni, eins og að framan er

rakið. Þegar ákærðu tóku á móti pakknum var lögregla búin að fjarlægja fíkniefnin úr honum og koma fyrir gerviefnum. Samkvæmt þessu skortir á það hlutræna samhengi að brot ákærðu gætu orðið fullframin. Ber að virða verknað þeirra sem tilraunabrot.

47. Af hálfu ákærðu Erlu er á því byggt að þátttaka hennar í brotinu takmarkist við hlutdeild, sbr. 22. gr. laga nr. 19/1940. Samkvæmt 1. mgr. lagaákvæðisins skal hver sá maður sem með liðsinni í orði eða verki, fortöllum, hvatningum eða á annan átt á þátt í því að brot samkvæmt lögunum er framið, sæta þeirri refsingu sem við brotinu er lögð. Í greinargerð með frumvarpi sem varð að almennum hegningarlögum segir að í 1. mgr. 22. gr. sé gert ráð fyrir sem almennri reglu að þegar fleiri en einn maður vinni saman við framkvæmd brots skuli sök hvers um sig metin sjálfstætt eftir afstöðu hvers um sig til brotsins eða tilraunar til þess. Þá geti refsing hvers þátttakanda um sig orðið misjöfn eftir atvikum. Hlutdeild ræðst eðli máls samkvæmt talsvert af verknaðarlýsingu afbrots og fullframningarstigi. Er innflutningur fíkniefna sérstaklega tilgreindur sem verknaðar-aðferð í 2. mgr. 173. gr. a laga nr. 19/1940. Ákærða er ákærð fyrir að hafa mótttekið pakkann. Er það hluti verknaðarlýsingar og nauðsynlegur þáttur við framkvæmd brotsins. Í dómaframkvæmd hefur þátttaka sem þessi í sambærilegum brotum ekki verið metin sem hlutdeild, sbr. t.d. dóm Landsréttar í máli nr. 382/2022, sem kveðinn var upp 17. mars 2023. Í samræmi við framangreint er því hafnað að aðild ákærðu Erlu í málinu verði virt sem hlutdeild.
48. Þá er á því byggt af hálfu beggja ákærðu að háttsemi þeirra beri að heimfæra undir lög um ávana- og fíkniefni nr. 65/1974 í stað 173. gr. a í lögum nr. 19/1940. Fyrir liggur að ásetningur ákærða Teits stóð til þess að flytja til landsins 500 stykki af LSD. Af dómaframkvæmd verður ráðið að almennt er LSD mjög skaðlegt efni. Frekari upplýsingar liggja ekki fyrir um það efni sem ákærði Teitur pantaði annað en að hann greiddi sem samsvarar 150.000 krónum fyrir það, eða 1000 evrur, þrátt fyrir að uppsett verð hefði verið 800 evrur. Verða ákærðu að njóta þess vafa sem uppi er hvað þetta varðar. Í ljósi framangreinds verður háttsemi beggja ákærðu talin varða við 2. gr., sbr. 5. og 6. gr., laga nr. 65/1974 um ávana- og fíkniefni, sbr. 20. gr. laga nr. 19/1940.
49. Ákærði Teitur er í 2. ákærulið ákærður fyrir fíkniefnalagabrot, með því að hafa haft í vörslum sínum í sölu- og dreifingarskyni 53 stykki af ávana- og fíknilyfinu Rivotril. Ákærði hefur skýlaust játað framangreinda háttsemi. Játning ákærða fær fulla stoð í gögnum málsins. Sannað er með játningu ákærða og öðrum gögnum málsins að hann hafi gerst sekur um þá háttsemi sem þar greinir og er brot hans rétt heimfært til

refsiákvæða.

V

50. Ákærði Teitur er fæddur í [...]. Samkvæmt framlögðu sakavottorði, dags. 15. júní 2023, var hann með dómi héraðsdóms [...] 2022 dæmdur í 60 daga skilorðsbundið fangelsi vegna brots á lögum um ávana- og fíkniefni, lyfjalögum og peningabætti. Ákærði framdi þau brot sem hann hefur nú verið sakfelldur fyrir áður en framangreindur dómur var kveðinn upp og verður honum því nú gerður hegningarauki, sbr. 78. gr. laga nr. 19/1940.
51. Ákærða Erla er fædd í [...]. Samkvæmt framlögðu sakavottorði, dags. 15. júní 2023, hefur hún ekki verið sakfelld áður fyrir refsiverða háttsemi.
52. Við ákvörðun refsingar ákærðu verður einnig litið til mismunandi aðkomu ákærðu að brotinu eins og lýst er í ákæru. Til refsimildunar verður litið til þess hvað varðar ákærða Teit að hann játaði brot sín að mestu. Hvað ákærðu Erlu varðar er horft til þess að hún var undir þrýstingi frá ákærða Teiti um að sækja efnin og verður í því samhengi að horfa sérstaklega til þess að hún var á þessum tíma sambýliskona hans, sbr. 7. tl. 1. mgr. 70. gr. laga nr. 19/1940. Þá eru ekki taldar forsendur til þess að horfa til 5. og 6. tl. 1. mgr. 74. gr. sömu laga við ákvörðun refsingar. Til refsipýngingar er horft til magns þeirra efna sem ásetningur ákærða Teits stóð til að flytja til landsins og þess að um mjög skaðlegt fíkniefni er að ræða.
53. Með hliðsjón af framangreindu og 77. gr. laga nr. 19/1940 þykir refsing ákærða Teits hæfilega ákveðin fangelsi í 8 mánuði. Til frádráttar komi gæsluvarðhaldsvist ákærða eins og í dómsorði greinir, sbr. 76. gr. sömu laga.
54. Með hliðsjón af framangreindu þykir refsing ákærðu Erlu hæfilega ákveðin fangelsi í 4 mánuði, skilorðsbundin eins og í dómsorði greinir. Til frádráttar komi gæsluvarðhaldsvist ákærðu eins og í dómsorði greinir, sbr. 76. gr. laga nr. 19/1940, komi til þess að hún afpláni refsinguna.
55. Með vísan til þeirra lagaákvæða er greinir í ákæru eru gerð upptæk 776 stykki af MDMA-töflum og 53 stykki af ávana- og fíknilyfinu Rivotril sem haldlagt var við rannsókn málsins.
56. Ákærði Teitur greiði 2/3 hluta af málsvarnarlaunum skipaðs verjanda síns, Guðmundar St. Ragnarssonar lögmanns, sem alls eru ákveðin 1.200.000 krónur, að meðtöldum virðisaukaskatti, en 1/3 hluti greiðist úr ríkissjóði.

57. Ákærða Erla greiði málsvarnarlaun skipaðs verjanda síns, Arnars Kormáks Friðrikssonar lögmanns, 2.000.000 króna, að meðtöldum virðisaukaskatti.
58. Ákærðu greiði óskipt 83.222 krónur sakarkostnað. Að auki greiði ákærða Erla 66.000 krónur í sakarkostnað vegna öflunar sálfræðivottorðs.
59. Af hálfu ákæruvaldsins flutti málið Þorbjörg Sveinsdóttir aðstoðarsaksóknari.
60. Sigríður Elsa Kjartansdóttir héraðsdómari kveður upp dóm þennan.

D Ó M S O R Ð:

Ákærði, Teitur Guðbjörnsson, sæti fangelsi í 8 mánuði. Frá refsingu dregst óslitið gæsluvarðhald ákærða 23.–26. apríl 2022, með fullri dagatölu.

Ákærða, Erla Rós Tómasdóttir, sæti fangelsi í 4 mánuði en frestað skal fullnustu refsingarinnar og falli hún niður að liðnum tveimur árum frá uppkvaðningu dóms þessa haldi ákærða almennt skilorð 57. gr. almennra hegningarlaga nr. 19/1940. Frá refsingu dregst óslitið gæsluvarðhald ákærðu 23.–26. apríl 2022, með fullri dagatölu.

Upptæk eru gerð 776 stykki af MDMA-töflum og 53 stykki af ávana- og fíknilyfinu Rivotril.

Ákærði Teitur greiði 2/3 hluta af málsvarnarlaunum skipaðs verjanda síns, Guðmundar St. Ragnarssonar lögmanns, sem alls eru ákveðin 1.200.000 krónur, en 1/3 hluti greiðist úr ríkissjóði.

Ákærða Erla greiði málsvarnarlaun skipaðs verjanda síns, Arnars Kormáks Friðrikssonar lögmanns, 2.000.000 króna.

Ákærðu greiði óskipt 83.222 krónur sakarkostnað, en að auki greiði ákærða Erla 66.000 krónur í sakarkostnað.

Sigríður Elsa Kjartansdóttir